



Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit við Bleiksá, Eskifirði

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2025/5

Forsíðumynd: Horft til norðurs yfir deiliskipulagssvæðið sem liggur sitt hvoru megin Bleiksár.

© Guðný Zoëga.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Aðferðafræði	2
Minjar vestan Bleiksár	4
Ágrip af sögu Eskifjarðar	4
Fornleifaskrá.....	4
Minjar austan Bleiksár	6
Ágrip af sögu Lambeyrar/Bleiksár	6
Fornleifaskrá.....	7
Horfnar minjar með hnitum.....	12
Samantekt	14
Hættumat	15
Niðurlag.....	16
Heimildaskrá	17



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulagsreits við Bleiksá.

Inngangur

Að beiðni skipulagsyfirvalda í Fjarðabyggð, var gerð fornleifaskráning á ca. 10 hektara deiliskipulagsreit, vegna hönnunar ferðamannastaðar við Bleiksá innarlega í kaupstaðarlandi Eskifjarðar. Suðurhlið svæðis afmarkast af Dalbraut og Strandgötu. Frá Dalbraut liggur afmörkunin upp meðfram vesturhlið kirkjugarðs og þaðan upp frá ysta húsi við götuna Dalbarð upp að Bleiksárfossi, beygir þar til austurs á um 130 metra löngum kafla og svo til suðurs niður brekkuna að götunni Fögruhlíð. Þar eru útmörkin vestan við vestasta íbúðarhúsið við götuna. Þaðan liggja þau meðfram skrúðgarðinum niður að gatnamótum Bleiksárhliðar og Strandgötu.

Svæðið hafði áður verið skráð vegna gerðar aðalskipulags 2004¹ en sú skráning uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til deiliskipulagsskráningar. Vegna 100 ára reglu laga um menningarminjar hafa bæst við minjar sem teljast til fornleifa.

Vettvangsskráning fór fram 27. maí 2025 og var, auk skýrslugerðar, í höndum Guðnýjar Zoëga, fornleifafræðings.

Tengiliður við verkkaupa: Svanur Freyr Árnason, Fjarðabyggð.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3464

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.² Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og

¹ Guðný Zoëga ofl. 2004.

² Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loft- og/eða drónamyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar auðkennisnúmer. Þar sem minjarnar eru í byggðakjarnanum á Eskifirði er það heiti notað en aftan við það bætt verknúmeri frá Minjastofnun Íslands sem í þessu tilfelli er 3464. Því fylgir svo hlaupandi númer. Verknúmer og hlaupandi númer eru notuð þegar vísað er til fornleifa í texta og á korti.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er metið samkvæmt skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is.

Afstöðumynd af minjum eru í megintexta skýrslu á bls. 14. Hnitaskrá fylgir með í viðauka. Minjar eru mældar upp með tækjum sem gefa undir metra í skekkju. Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, skv. leyfi þar um. Svarthvíta loftmynd frá 1955 (nr. LMI-Kort-LI209-LI2-1871) sem vitnað er til í texta má finna á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands www.natt.is.

Minjar vestan Bleiksár

Ágrip af sögu Eskifjarðar

Býlið Eskifjörður er landnámsjörð í Eskifirði. Þar nam land Brynjólfur hinn gamli Þorgeirsson er síðar nam land í Fljótsdal.³ Eskifjörður hefur verið í bændaeign frá fornu fari og um tíma sýslumannssetur. Eskifjörður var dýrasta jörð Reyðarfjarðarhrepps áður en hún deildist í fleiri jarðir.⁴ Í jarðatali frá 1847⁵ er jörðin talin 24 hundruð en 6 hundruð voru í hjáleigunum Borgum og Lambeyri (sem Eskifjarðarkaupstaður byggðist upp í, sjá umfjöllun aftar í skýrslu) og hefur hún því upphaflega verið 30 hundruð. Jörðin Eskifjörður náði í öndverðu yfir allan Eskifjarðardal (Kálkinn) en yngri afbýli og hjáleigur voru, auk Lambeyrar og Borga, Eskifjarðarsel, Bakki, Gil og Eyjólfsblettur, húsmannslóð sem byggðist 1898.⁶ Býlið Veturhús var í byggð frá 1881-1945.⁷ Lambeyri varð sjálfstæð jörð 1848.⁸ Nú er Eskifjörður í landi Fjarðabyggðar og enginn búskapur stundaður þar lengur.

Fornleifaskrá



Mynd 2. Yfirlitstekning af minjum sem skráðar voru vestan Bleiksár.

Eskifjörður 3464-001

Sérheiti: Gil

Hlutverk: Híbýli, fjós

Tegund: Tóft, húsgrunnur

³ Íslensk fornrit I, bls. 296.

⁴ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 3. bindi, bls. 127.

⁵ J. Johnsen, 1847, bls. 126.

⁶ Eskja, I. bindi, bls. 103.

⁷ Eskja, I. bindi, bls. 98-99.

⁸ Eskja, I. bindi, bls. 94.

Hættumat: Mikil hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Tóft eða grunnur smábýlisins Gils er 35m vestur af Bleiksá og um 30m ofan við efsta hluta flóðvarna ofan sóknarkirkjunnar.

Lýsing

Grunnurinn er grjóthlaðinn, liggur norðvestur-suðaustur og er tvískiptur, 6x5m að utanmáli. Í honum eru tvö smærri hólfi og eru mögulega dyr til suðurs úr austara hólfinu. Veggir eru úr grjóti, algrónir grasi og hæstir um 70cm og um 1m á breidd. Greni hefur verið plantað í veggjum tóftarinnar og er hún nú að mestu horfin í skóg.



Mynd 3. Tóft íbúðarhúss Gils fyrir miðri mynd, grenitrén vaxa í veggjum tóftarinnar.

Aðrar upplýsingar

Í Eskju (I. bindi, bls. 103) segir: „Í Bleiksárgili var á seinni hluta 19. aldar húsmannslóð eða smábýli kallað Gil, skammt inn og upp af réttinni [Bleiksárrétt]. Þar yfir liggur nú rafmagnslínan. Í Gili bjó Friðrik Þorleifsson á árunum 1878-1880, en eftir það er býlið ekki nefnt í sóknarmannatali Hólma né heldur fyrr.“ Í sóknarmannatali er hinsvegar árin 1881-1883 og 1885 talið upp býlið Bleiksá 3 (Sóknarmannatöl, sótt á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands www.heimildir.is). Samkvæmt endurminningum Einars Friðrikssonar (1987, bls. 24) virðast sömu ábúendur búa í Gili árið 1881 og Bleiksá 3 og vera kann að þá hafi kotið verið talið með Bleiksárbýlunum handan ár. Það hefur þá mögulega verið búið í Gili allt fram til 1885.

Í 1. tölublaði Heima er bezt frá 1987 er að finna frásögn Einars Friðrikssonar frá Hafnarnesi. Þar segir hann frá æskuárum sínum á Eskifirði, fyrst á húsmannslóðinni Gili en síðar býlinu Bleiksá. Þar segir hann um íbúðarhúsið í Gili (bls. 23-24) „Kofi sá er við bjuggum í var 6 álna langur og 3,5 alin á breidd. Var íbúðin uppi á lofti, en undir lofti var kýrin vetur og sumar og einnig lömb þau, er á vetur voru sett, og hrútur að vetrinum. Svo lágt var undir loft að ekki var vel stætt meðalmanni uppréttum. Lítil eldavél var uppi í íbúðinni. Var allur matur eldaður á henni og að henni hið mesta gagn, þegar kalt var. [...] Þegar faðir minn fluttist að Bleiksá seldi hann kofa sinn í Gilinu Eiríki Oddssyni frá Kollaleiru við Reyðarfjörð. Fluttist hann þangað þetta sama vor, ásamt konu sinni Hálfdaníu Jónsdóttur og dóttur þeirra Guðbjörgu, sem var barn að aldri.“

Eskifjörður 3464-002


Sérheiti: Bleiksárrétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir og lýsing

Um 20m innan við Bleiksá, 5m austan við tóftir Gils [3464-001] og ca. 20m ofan við efsta hluta flóðvarna ofan við Eskifjarðarkirkju eru leifar Bleiksárréttar. Steinar hafa verið



Mynd 4. Hluti hleðslu í Bleiksárrétt [3464-002].

fjarlægðir úr réttinni og hún því illa farin, einungis 12m langur veggur er enn sæmilega greinanlegur. Réttin hefur verið gerð úr stóru grjóti úr gilinu.

Aðrar upplýsingar

Í Eskju (I. bindi, bls. 103) segir: „Rétt innan við Bleiksána spölkorn fyrir ofan veg stóð Bleiksárrett frá því um aldamót fram yfir 1930.“

Eskifjörður 3464-003

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóft er austan undir melnum þar sem grafreitir Eskifirðinga er, um 45 m norðvestur af Eskifjarðarkirkju, vestan lækjar sem rennur vestan kirkjunnar.

Lýsing

Tóftin liggur norðaustur-suðvestur og er nánast hringlaga. Hún er 4x4m að utanmáli og hafa dyr legið til suðausturs. Veggir eru grjóthlaðnir en algrónir grasi, um 80 cm að þykkt og 30-80cm á hæð.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvort tóftin hefur tilheyrt búskap í Gili, jörðinni Eskifirði eða öðrum búskap í kaupúninu.



Mynd 5. Tóft [3464-003], Eskifjarðarkirkja í baksýn. Horft í suðaustur.

Minjar austan Bleiksár

Ágrip af sögu Lambeyrar/Bleiksár

Lambeyri var upphaflega hjáleiga frá Eskifirði og býlisins fyrst getið í stríðsárareikningi 1681.⁹ Í manntali 1703 eru 7 manns skráðir í heimil á jörðinni en hennar er síðast getið í manntali 1835 en þá eru þar talin tvenn heimili með alls 6 manns.¹⁰ Upphaflegi bærinn mun hafa staðið þar sem nú eru grunnskóli og íþróttahús Eskifjarðar en árið 1875 var byggt upp annað íbúðarhús með sama nafni innar í þorpinu, síðar kallað Sýslumannshúsið.¹¹ Þéttbýlið Eskifjörður byggðist upp í landi jarðarinnar og í upphafi 19. aldar var komið þar dálítið hverfi með 37 manns á átta heimilum.¹² Lambeyri er í jarðaskrá 1847¹³ en er kölluð eyðijörð 1861¹⁴ Eftir að jörðin var aflögð var hún áfram nýtt til búskapar því heimatúnið var ekki tekið undir byggingar að ráði fyrr en milli 1940-50.¹⁵ Bleiksá var upphaflega reist sem kotbýli á húsmannslóð í landi

⁹ Kristín Ágústsdóttir, 2001, bls. 15.

¹⁰ Tekið af heimasíðu Þjóðskjalasafns, www.heimildir.is

¹¹ Kristín Ágústsdóttir, 2001, bls. 15.

¹² Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 3. bindi, bls. 118.


¹³ J. Johnsen, 1846, bls. 375.

¹⁴ Nýtt jarðatal 1861, bls. 144.

¹⁵ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 3. bindi, bls. 118.

Lambeyrar um 1820 (sjá 3464-014). Landi Lambeyrar var skipt upp eftir 1881 og varð Bleiksá þá sérstakt býli með landamörk við Eskifjörð að innan við Bleiksá en við Lambeyri að utan um Grjótá.¹⁶ Innri hluti kaupstaðarlandsins var í landi jarðarinnar eftir landamerkjabreytingarnar. Minjarnar á eystri hluta skráningarsvæðisins voru í landi Lambeyrar 1847 en frá 1881 í landi Bleiksár, nú eignarland Fjarðabyggðar.

Fornleifaskrá



Mynd 6. Yfirlitsmynd af minjum austan Bleiksár.

Eskifjörður 3464-004

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft, steinsteypa

¹⁶ Eskja, I. bindi bls. 36-37.



Mynd 7. Yfirlitsmynd af fjárhúsum og hlöðu [3464-004], sjást hægra megin við vindmylluna. Óglögg tóft [3464-005] sést beint neðan við mylluna og tóft [3464-006] er hægra megin við fjárhúsin. Á myndinni má einnig sjá grjóthleðslu [3464-007] undir myllunni. Horft í norðaustur.

Staðhættir

Á loftmynd frá 1958 má sjá tvístæð fjárhús með áfastri hlöðu, 30m inn og upp af þar sem nú stendur íbúðarhúsið í Fögruhlíð 3, um 35m austan Bleiksár.

Lýsing

Þarna eru leifar tvennra grjóthlaðinna samstæðra fjárhúsa sem hafa snúið timburpili til suðurs. Tóftirnar deila millivegg. Vestara hólfið er 5x3m að innanmáli en austara hólfið 5x4m að innanmáli. Aftan við og þvert á fjárhúsin er grunnur hlöðu sem er grafinn að hluta inn í brekku vestan og norðan til og eru vestur- og norðurveggur grjóthlaðnir en steypa er í hleðslunni. Hlaðan hefur verið um 6x5m að innanmáli. Veggir standa ágætlega. Þeir eru 0.5-1,5m að hæð, hæstir í hlöðunni, og um metri á þykkt.

Aðrar upplýsingar)

Í skýrslu Kristínar Ágústsdóttur um byggingarár húsa á Eskifirði (bls. 6) eru húsin sögð byggð um 1010. Eigandi húsanna var Gunnar Gunnarsson. Þau munu hafa verið rifin um 1960.

Eskifjörður 3464-005

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 2m vestan við fjárhús [3464-004] er kofatóft.

Lýsing

Tóftin er upp við brekku, neðan við vindmyllu sem þarna stendur, og er norðvesturveggur um 20-40cm að hæð og 60cm á breidd. Hún er um 3x2,5m að innanmáli. Dyr hafa vitað í suðvestur.

Aðrar upplýsingar

Á loftmynd frá 1955 sést einhverskonar mannvirki þarna en óljóst hvort þak er á því.

Eskifjörður 3464-006

Hlutverk: Óþekkt, matjurtagarður

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rétt um metra austur af fjárhústóftum [3464-004] er algróin hleðsla, líklega grunnur húss. Hún liggur eilítið á ská miðað við legu fjárhústóftanna.

Lýsing

Veggir eru sýnilegir á þrjá vegu og mynda tóft um 4x3m að innanmáli, opin til suðvesturs. Veggir eru um 20 – 40cm á hæð og 60cm á þykkt. Gæti verið grunnur undan timburhúsi.

Lýsing

Á loftmynd frá 1955 virðist þak á húsinu. Nú vex í henni rabarbari og kann að vera að hún hafi síðar verið nýtt sem matjurtagarður.

Eskifjörður 3464-007

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Grjóthlaðin tóft eða grunnur er undir vindmyllu sem nú stendur um 35m austan Bleiksár og 3m norðvestan hlöðu fjárhúss [3464-004].

Lýsing

Hleðslan er ferhyrnd, 4x3m að utanmáli. Hæð hennar er mest um 60cm en erfitt að greina þykkt.

Aðrar upplýsingar

Í norðvestur horni hleðslunnar er malar undirstaða undir vindmyllunni sem stendur þarna. Þarna má sjá einhverskonar mannvirki á loftmynd frá 1955 og virðist myllan hafa verið reist í tóftinni.



Mynd 8. Hleðsla [3464-006] er undir malarundirstöðum vindmyllu.

Eskifjörður 3464-008

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Nokkrir matjurtagarðar eru í brekkunni ofan við fjárhúsin [3464-004]. Vestasti garðurinn liggur um 20m austur af núverandi farvegi Bleiksár og 70m ofan við íbúðarhúsið við Fögruhlíð 3.

Lýsing

Á loftmynd frá 1955 má sjá hleðslur umhverfis matjurtagarð sem hefur verið 12x9m að stærð. Hleðslur í suður og norðurveggjum eru greinilegastar. Syðri hleðslan er gleggri, liggur norðvestur-suðaustur og um 12m að lengd. Vegghleðsla er mjög hrutin en er 10-40cm há og um 50cm breið. Einungis 4m af nyrðri hleðslunni voru vel greinanlegar. Hleðslurnar eru



Mynd 9. Syðri vegghleðsla matjurtagarðs [3464-008].



Mynd 10. Horft til suðvestur yfir minjasvæði austan Bleiksár. Lega matjurtagarða er auðkennd á myndinni.

líklega undan vírgirðingu. Nú er svæðið að hverfa í skóg og göngustígur liggur til norðurs í gegnum austur hluta hans.

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Nokkrir matjurtagarðar eru í brekkunni ofan við fjárhúsin [3464-004]. Efsti garðurinn liggur um 47m vestur af Bleiksá, 75m ofan við beygju á vesturhluta götunnar Fögruhlíðar.

Lýsing

Efsti garðurinn liggur norður-suður og er um 14m að lengd og 6m að breidd. Lág hleðsla undan vírgirðingu afmarkar garðinn. Hleðslan er um 10-50cm há og 50cm breið. Hleðslan er vaxin grasi, mosa og lyngi að en veggir í neðri hluta garðs eru að mestu horfnir.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn sést á loftmynd frá 1955.

Eskifjörður 3464-010

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Nokkrir matjurtagarðar eru í brekkunni ofan við fjárhúsin [3464-004]. Einn þeirra liggur um 42m vestur af Bleiksá, 70m ofan við beygju á vesturhluta götunnar Fögruhlíðar.

Lýsing

Neðan við efsta garðinn [3464-009] er matjurtagarður sem liggur norður-suður og er um 7m að lengd og 6m að breidd. Lág hleðsla undan vírgirðingu afmarkar garðinn. Hleðslan er um 10-20cm há og 50cm breið. Hún er að mestu vaxin grasi en mosa og lyngi að hluta.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn sést á loftmynd frá 1955.

Eskifjörður 3464-011

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla, niðurgroftur

Staðhættir

Nokkrir matjurtagarðar eru í brekkunni ofan við fjárhúsin [3464-004]. Austasti garðurinn liggur um 48m vestur af Bleiksá, 40m ofan við beygju á vesturhluta götunnar Fögruhlíðar.

Lýsing

Garðurinn er um 6m að lengd og 6m að breidd. Lág hleðsla undan vírgirðingu afmarkar hann. Hleðslan er um 10-20cm há og 50cm breið. Hún er að mestu vaxin grasi en mosa og lyngi að hluta. Í norðvestur horni garðsins er niðurgroftur um 50cm að dýpt. Umhverfis hann er hleðsla um 50cm há

Aðrar upplýsingar

Garðurinn sést á loftmynd frá 1955.

Eskifjörður 3464-012

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Gata liggur frá beygjunni á götunni Fögruhlíð til norðvesturs upp að tóftunum að fjárhúsunum [3464-004] og vindmyllunni sem þarna stendur. Um er að ræða bíslóða sem sést á um 50m löngum kafla. Við vindmylluna breytist hann í göngustíg sem liggur upp að Bleiksánni og svo upp með austurbakka hennar.

Aðrar upplýsingar

Vegurinn sést á loftmynd frá 1955 og hefur mögulega verið þarna frá því að húsin voru tekin í notkun í byrjun 20. aldar. Göngustígurinn virðist yngri.



Mynd 11. Horft til norðvesturs að myllu, hægra megin á mynd má sjá upphlaðinn veg [3464-012] sem lá upp að fjárhúsunum.



Mynd 12. Myndin sýnir skrúðgarð og tjaldstæði á austurbakka Bleiksár. Bleiksá [3464-013] og Guðnahús [3464-014] stóðu einhversstaðar fyrir miðjum trjágarðinum.

Eskifjörður 3464-013

Sérheiti: Bleiksá

Hlutverk: Híbyli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Eitt þeirra býla sem byggðist upp í landi Lambeyrar var Bleiksá sem stóð skammt austan við samnefnda á. Þar eru nú lystigarður og tjaldsvæði. Nákvæm staðsetning bæjarins er ekki þekkt en í byggðasöguritinu Eskju (1. bindi, bls. 78) segir: „Bærinn Bleiksá stóð utan við ána með sama nafni í Bleiksártúni, þar sem nú er Skrúðgarður Eskfirðinga. Gamall Eskfirðingur, Lukka Friðriksdóttir, segir bæinn hafa staðið „utan í hólnum í garðinum“. Thor Jensen-Brand, fæddur á Eskfirði 1888 og dvaldist þar til 1911, kemst svo að orði: "Bærinn stóð undir barðinu í Bleiksártúni uppi á klöppinni, snéri forhlið út og suður á Strönd.“

Miðað við lýsingu hefur bærinn líklega staðið í miðju garðsins. Engin ummerki er nú að finna um hann.

Aðrar upplýsingar

Í jarðatali Johnsens 1847 (bls. 375) er býlið sagt afbýli frá Eskfirði en þar virðist gæta missskilnings því á þeim tíma var jörðin í landi Lambeyrar. Engir ábúendur eru nefndir þar í manntalinu 1816 en 1820 býr þar Magnús Eiríksson, húsmáður og hefur jörðin byggst einhvern tímann á því árabili (Eskja, I. bindi, bls. 36).

Bleiksá var upphaflega reist sem kotbýli á húsmannslóð á fyrri hluta 19. aldar en eftir 1881 varð Bleiksá sérstakt býli með landamörk við Eskifjörð að innan við Bleiksá en við Lambeyri að utan um Grjótá (Eskja, I. bindi bls. 36-37). Innri hluti kaupstaðarlandsins var í landi jarðarinnar eftir landamerkjabreytingarnar. Í sóknarmannatali frá 1881 er tvíbýli á Bleiksá (þar stóð þá

einnig svokallað Guðnahús) og helst svo til 1885. Árin 1881-1883 og 1885 er, í sóknarmannatali, nefnt býlið Bleiksá 3 (Sóknarmannatöl, sótt á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands www.heimildir.is). Samkvæmt frásögn Einars Friðrikssonar í Heima er bezt (1987, bls. 24) eru taldir upp sömu ábúendur á Gili [3464-001] 1880 og eru sagði í Bleiksá 3 ári seinna. Vera kann að Gil hafi þá verið kallað Bleiksá 3. Árin 1885-1889 er hinsvegar einungis talið upp eitt býli með nafninu Bleiksá. Síðustu ábúendur, Jón Þorleifsson og fjölskylda, búa á Bleiksá 1889 en eftir þann tíma er engra ábúenda getið þar.

Bleiksá er í fasteignamati 1918 (Fasteignamat 1916-1918, sótt á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands www.heimildir.is), þ.m.t. íbúðarhús. Þar virðist þó ekki átt við upphaflega kotið sem stóð við Bleiksá heldur eru talin upp hús í eigu Friðgeirs Hallgrímssonar sem voru í kaupstaðnum. Óvíst er hvenær húsið var rífið en í skýrslu Kristínar Ágústsdóttur um byggingarár húsa í Eskifirði (bls. 6) segir að hússins sé getið í fasteignamati frá 1930 og að þá hafi ekki verið búið þar í einhver ár. Það er þó ekkert sem bendir til að þar hafi verið búið eftir 1889. Árið 1945 gerði kvenfélagið Dögginn á Eskifirði skráðgarð í gamla Bleiksártúninu (Þórdís Huld Vignisdóttir, 2011, bls. 16) og þar er ekki að sjá nein ummerki um hann lengur.

Í 1. tölublaði Heima er bezt frá 1987 er að finna frásögn Einars Friðrikssonar frá Hafnarnesi. Þar segir hann frá æskuárum sínum á Eskifirði, fyrst á húsmannslóðinni Gili en síðar á Bleiksá. Þá var tvíbýlt á Bleiksá en húsakosti er lýst á bls. 24 þar sem segir: „Á fardögum þetta sama vor, 1880, fluttum við að Bleiksá [...] Í Bleiksá bjuggu foreldrar mínir í gamalli baðstofu með skarsúð. Var hún öll þiljuð uppi, en óþiljuð undir lofti og var kýrin höfð þar. Hin hjónin bjuggu í timburhúsi sem stóð að heita mátti fast hjá hinni gömlu baðstofu en þó heldur frammar á hlaðinu. Hús þetta átti fyrst að mig minnir frú Gytta Elín Thorlacius, ekkja Bjarna lækis Thorlacius [...] man ég eigi betur, en frú Gytta dveldi þarna í húsinu á þessum árum“. Hér er um að ræða hús það sem í skýrslu Kristínar Ágústsdóttur um byggingarár húsa í Eskifirði (bls. 6) er kallað Guðnahús (Gytteborg), nú Finnshús sem stendur í dag við Túngötu 10.

Eskifjörður 3464-014

Sérheiti: Guðnahús/Gytteborg/Finnshús


Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á Bleiksá stóðu um skeið tvö íbúðarhús, annarsvegar baðstofa frá um 1820 og svo timburhús sem reist var skammt frá baðstofunni 1879. Í 1. tölublaði Heima er bezt frá 1987 er að finna frásögn Einars Friðrikssonar frá Hafnarnesi. Þar segir hann frá æskuárum sínum á Eskifirði, fyrst á húsmannslóðinni Gili en síðar á Bleiksá. Þá var tvíbýlt á Bleiksá en húsakosti er lýst á bls. 24 þar sem segir: „Í Bleiksá bjuggu foreldrar mínir í gamalli baðstofu með skarsúð. Var hún öll þiljuð uppi, en óþiljuð undir lofti og var kýrin höfð þar. Hin hjónin bjuggu í timburhúsi sem stóð að heita mátti fast hjá hinni gömlu baðstofu en þó heldur frammar á hlaðinu. Hús þetta átti fyrst að mig minnir frú Gytta Elín Thorlacius, ekkja Bjarna lækis Thorlacius [...] man ég eigi betur, en frú Gytta dveldi þarna í húsinu á þessum árum“

Hér er um að ræða hús það sem í skýrslu Kristínar Ágústsdóttur um byggingarár húsa í Eskifirði (bls. 6) kallast Guðnahús (Gytteborg) og stóð á Bleiksá en ekki vitað hvar. Árið 1886 var húsið flutt inn í þorpið og kallaðist þá Finnshús, það stendur nú við Túngötu 10.



Mynd 13. Yfirlitsmynd yfir legu minja á skipulagssvæðinu.

Samantekt

Alls voru 14 fornleifar skráðar á deiliskipulagssvæðinu. Tólf þeirra voru enn til staðar en engin ummerki eru lengur um býlið Bleiksá sem er horfið og Guðnahús sem var flutt í burtu og stendur nú annarsstaðar. Yfirlit yfir minjar er að finna í töflu nr. 1 aftast í skýrslu.

Minjar vestan Bleiksár voru í landi jarðarinnar Eskifjarðar. Tóft húsmannsbýlisins Gils [3464-001] liggur í trjálundi um 25m ofan við efsta hluta flóðavarna ofan Eskifjarðarkirkju. Tóftin er ágætlega heilleg en tré vaxa í veggjum hennar og umhverfis. Fimm metrum austan tóftarinnar eru leifar af Bleiksárreitt [3464-002]. Erfitt er að greina stærð réttarinnar þar sem steinar hafa verið fjarlægðir úr henni og hún er í þéttum trjágróðri. Enn má þó sjá nokkra stóra steina í röð. Í brekku um 50m norðan við Eskifjarðarkirkju eru leifar lítillar tóftar [3464-003] sem er vel greinanleg. Óvíst er hvort hún hefur tilheyrt býlinu Gili, Eskifjarðarbænum eða öðrum búskap í kaптúninu.

Minjar austan Bleiksár eru í fyrrum landi jarðarinnar Lambeyrar sem var hjáleiga frá höfuðbólínu Eskifirði. Skammt austan ár stóð kotbýlið Bleiksá [3464-013], í byggð frá um 1820. Seinustu ábúendur eru skráðir þar 1889 og hefur bærinn líklega farið í eyði upp úr því. Skammt frá því stóð Guðnahús [3464-014] (stundum kallað Gytteborg) reist 1879 en flutt burt 1886 og stendur nú við Túngötu. Engin ummerki eru lengur um Bleiksárþæinn en í landi hans er nú skrudgarður og tjaldstæði. Bleiksá var upphaflega afbýli frá Lambeyri. Við uppskiptingu Lambeyrarjarðarinnar eftir 1881 varð hinsvegar til sjálfstæð jörð sem bar nafnið Bleiksá og átti land milli Bleiksár og Grjótár. Bæjarstæði hinnar nýju Bleiksár var í svokölluðum Framkaupstað vestan Grjótár, utan skráningarsvæðisins. Ekki er vitað um mögulega staðsetningu útihúsa á Bleiksá en á túnakortum frá 1919 eru engin hús og vera kann að þá hafi húsini verið horfin eða að túnin hafi þá tilheyrt búskap í kaптúninu.

Ofan við skrudgarðinn eru leifar fjárhúss og hlöðu [3464-004] sem munu hafa verið byggð um 1910 og rifin um 1960. Leifar þessara húsa eru ágætlega varðveittar. Tvær smærri tóftir [3464-005 og 006] eru sitt hvoru megin við fjárhúsin og ofan hlöðunnar er tóft eða grjóthleðsla [3464-007] undir vindmyllu sem þarna stendur. Ofan við fjárhúsin og vindmylluna eru svo leifar nokkurra matjurtagarða [3464-008, 009, 010 og 011].

Allar minjarnar sem skráðar voru, nema bæjartóftin á Bleiksá, eru enn ágætlega heillegar en hluti þeirra er þó að hverfa í skóg. Óvíst er um aldur matjurtagarðanna en þeir sjást á loftmynd frá 1955, vera kann að þá hafi þeir þegar verið aflagðir. Ekki er ólíklegt að þeir séu frá fyrstu áratugum 20. aldar. Aðrar minjar falla undir 100 ára reglu menningarminjalaga.¹⁷ Minjarnar teljast gott dæmi um upphaf þéttbýlismyndunar í kaптúninu og þeim búskap sem því tilheyrði.

Grafreitir Eskfirðinga er innan svæðisins en hann er ekki talinn til minja þar sem að hann er enn í fullri notkun.

Hættumat

Við skráninguna lágu ekki fyrir upplýsingar um nákvæma útfærslu skipulags og því ekki hægt að meta áhrif þeirra á minjar. Allar minjar sem enn eru til staðar eru því taldar í nokkurri hættu þar sem þær liggja innan eða skammt utan útmarka skipulagssvæðis. Ef tillit er tekið til minjanna við skipulag telst hættan þó lítil nema af uppvexti skógar sem plantað hefur verið á bökkum Bleiksár. Leifar Gils [3464-001] og Bleiksárreittar [3464-002] eru að mestu horfnar í skóg sem og leifar matjurtagarðs [3464-008] austan Bleiksár. Hvar bærinn Bleiksá stóð er ekki þekkt með vissu og því óvíst hvort, eða hversu miklar leifar hans kunni enn að vera til staðar neðanjarðar.

¹⁷Nr. 80 frá 2012.

Niðurlag

Þó svo að minjar sjáist ekki á yfirborði kunna ummerki um þær að leynast neðanjarðar. Ef minjar koma óvænt upp við framkvæmdir ber að stöðva þær tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar sem metur hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa. **Allar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmdasvæðum eru í höndum Minjastofnunar Íslands.**

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson sá um útgáfu, 1971.

Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga (2004). *Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2004/27. https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_1373.pdf

Einar Friðriksson (1987). Minningar Einars frá Hafranesi. *Heima er bezt* 37 (1), bls. 23-27. Bókaforlag Odds Björnssonar

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S. Trier.

Íslensk fornrit I. *Landnámabók*. Ritstj. Jakob Benediktsson. Hið Íslenska fornritafélag 1986.

Kristín Ágústsdóttir (2001). Byggingarár húsa á Eskifirði. Náttúrustofa Austurlands. www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/es/eskifj_byggingarar.pdf

Þórdís Huld Vignisdóttir (2011). *Saga kvenfélagsgarðsins á Eskifirði*. B.A. ritgerð. Landbúnaðarháskóli Íslands.

<https://skemman.is/bitstream/1946/9297/1/BS%20Þórdís%20Huld%20Vignisdóttir.pdf>

Netsíður:

Lög um menningarminjar á vef Alþingis
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Minjastofnun Íslands, heimasíða
<https://www.minjastofnun.is/>

Náttúrufræðistofnun Íslands, heimasíða
<https://www.natt.is/is>

Skipulagsvefsjá Fjarðabyggðar
<https://map.is/fjardabyggd/>

Þjóðskjalasafn Íslands
<https://www.heimildir.is>

Fylgiskjöl

Tafla 1. 3464_ Deiliskipulag við Bleiksá - hnitaskrá

Minjar með hnitum											
Sérheiti	Númer	Jörð 1847	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
Gil	3464-001	Eskifjörður	híbyli, fjós	tóft	1878	1885	vel greinanlegar	mikil hætta		733407	518034
Bleiksárrett	3464-002	Eskifjörður	rétt	hleðsla	1800	1930	greinanlegar	hætta		733421	518026
	3464-003	Eskifjörður	óþekkt	tóft	1800	1950	vel greinanlegar	engin hætta		733340	518007
	3464-004	Lambeyri	fjárhús	tóft	1910	1960	vel greinanlegar	hætta		733499	518021
	3464-005	Lambeyri	óþekkt	tóft	1910	1960	vel greinanlegar	hætta		733491	518025
	3464-006	Lambeyri	óþekkt	tóft	1910	1960	vel greinanlegar	hætta		733505	518015
	3464-007	Lambeyri	óþekkt	tóft	1910	1960	vel greinanlegar	hætta		733494	518031
	3464-008	Lambeyri	matjurtagarður	hleðsla	1920	1955	vel greinanlegar	hætta		733493	518060
	3464-009	Lambeyri	matjurtagarður	hleðsla	1920	1955	vel greinanlegar	hætta		733524	518059
	3464-010	Lambeyri	matjurtagarður	hleðsla	1920	1955	vel greinanlegar	hætta		733515	518048
	3464-011	Lambeyri	matjurtagarður	hleðsla	1920	1955	vel greinanlegar	hætta		733520	518041
	3464-012	Lambeyri	samgöngubót	vegur	1910	1960	vel greinanlegar	hætta		733521	518009
Horfnar minjar með hnitum											
Bleiksá*	3464-013	Lambeyri	híbyli, fjós		1820	1889	sést ekki			733340	518007
Guðnahús*	3464-014	Lambeyri	híbyli		1879	1886				733340	518007

*Reikna má með nokkurra metra skekkju.